

Skólaráðsfundur 09.04 2019

Mætt: Ágústa, Katrín Björk, Ragna, Lukka, Ólafía Dögg, Sigríður Ásdís og Þrúður. Forföll: Berglind og Kristjana

1. Innra mat Krikaskóla. Þrúður fór yfir og kynnti skýrslu um sjálfsmat fyrir skólaárið 2017-18. Skýrslan verður kynnt í fræðslunefnd og svo birt á heimasíðu skólans.
2. Samskipti barna í skólanum. Þrúður kynnti viðbrögð við tilkynningu foreldris um grun um einelti. Farið er eftir viðbragðsáætlun gegn einelti. Rætt var um áhrif og viðbrögð á samskiptamiðlum.
3. Húsnæði skólans og úttekt. Þrúður sagði frá áætlunum Mosfellsbæjar á úttekt skólahúsnæðis í bænum. Forathugun er hafin en síðar mun fara fram nánari úttekt. Viðgerð á lofti í matsal á að klárast í næstu viku, vega tjóns í nóvember 2018.
4. Bréf vegna 200 daga skólaárs verður sent til Fræðslunefndar. Katrín Björk tók að sér að klára bréfið.
5. Stjórn foreldrafélagsins vinnur að því að halda fræðslunámskeið fyrir foreldra í vor, um jákvæðan aga.